

GRAS- OG
TORFTEGUNDIR



Svona
gerum
við

7

LYNGPÖKUR

Lýsing: Lyngpökur eru skornar af lyngmóa. Gróður þeirra samanstendur af venju-
legum íslenskum lyngmóagróðri s.s. ýmsum mosategundum, smávöxnum grastegun-
dum og stökum blómgróðri eins og t.d. Blóðbergi, Ljónslappa og Hvítmöðru auk
Krækilyngs, Beitilyngs og oftast Bláberjalyngs. En gróður lyngpöknanna getur verið
mjög mismunandi eftir því hvar þær er að fá í það og það skiptið. En eitt eiga þær þó
sameiginlegt: Það er það, að ef tryggja á bestan árangur þarf að huga vel að tímaset-
ningu. Oftast lukkast að flytja lyngpökur
snemma á vorin (apríl-maí) eða seint á
haustin (sept-okt). Yfir hásumarið (jún-ág) er
rótavirkni gróðursins í lágmarki en yfirvöxtur,
blómgun og fræmyndun í hámarki. Þess
vegna er meiri hættu á að þökurnar þorni
upp og skrælni ef þær eru lagðar um hásu-
marið. Á haustin, hinsvegar, er rötastarfsemin í hámarki og því mestar líkur á að þökur-
nar „taki sig“ og aðlagist nýju umhverfi. Snemma vors eru þær í „hlutlausum gír“.



Notkun: Lyngpökur henta ekki í garða þar sem líklegt er að umgangur verði mikill –
en geta komið sér vel þar sem þær eiga við s.s. á rask við sumarbústaðalönd og
umhverfismannvirki þar sem færa þarf gróðurþekju til upprunalegs horfs. Einnig er
hugsanlegt að nota lyngpökur sem yfirborð á flötum húspökum. Lyngpökur þarf að
skera þykkari en aðrar þökur og þær eru nokkuð ómeðfærilegri. Það útskýrir einnig
að þær eru dýrari í aðföngum. Lyngpökur þarf ávallt að leggja á magran, sand-
blandaðan holtajarðveg eða hreinan sand. Nauðsynlegt er að vökva þær viðstöðu-
laust alla daga þar til þær hafa náð að róta sig vel ofan í undirlagið.

Sláttupörf: Engin.